



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Blásalir

Starfsáætlun 2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025.....	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat 2024-2025	9
4.1	Rauðudeild.....	9
4.2	Grænadeild	10
4.3	Bládeild.....	10
4.4	Guladeild	11
5	Umbótaáætlun 2024-2025	12
5.1	Rauðadeild.....	12
5.2	Grænadeild	14
5.3	Bládeild.....	16
5.4	Guladeild	18
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.....	21
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	21
8	Foreldrasamvinna	22
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10	Fylgiskjöl	22





1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið hófst vel í Blásölum og aðlögun nýrra barna gekk yfirleitt mjög vel á öllum deildum. Nýtt skólaár lofar góðu og við hlökkum til að halda áfram að þróa og styrkja starfið með börnunum í forgrunni. Okkar helstu áskoranir síðasta vetur voru mannekla og þá gripum við til fáliðunar þ.e. að senda börn heim sem er alltaf krefjandi og tekur mikið á börn, foreldra og starfsmenn.

Starfið í Blásölum er fjölbreytt og lifandi, þar sem hver dagur býður bæði börnum og starfsfólki upp á ný og ánægjuleg ævintýri og verkefni. Leikskóladagurinn er einstakur og skapar tækifæri til vaxtar, lærdóms og gleði.

Faglegt starf okkar er sífellt að þróast. Við leggjum áherslu á að dýpka skilning, endurskoða starfshætti og aðlaga okkur að síbreytilegu og metnaðarfullu leikskólastarfi.

Kjarninn í öllu starfi er þó sjálfsprottinn leikur, sem fær ríkan tíma og rými á hverjum degi. Eins og kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla er „leikur meginnámsleið barna; hann skapar tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.“ Við leggjum áherslu á fjölbreyttan og aðgengilegan leikefnivið sem kveikir sköpunargleði, hvetur til samskipta og eflir nám í gegnum leik og athafnir dagsins.

Sérkennsla jókst töluvert í húsi síðasta haust og unnum við markvisst að því að koma til móts við ólíkar þarfir barna. Sérkennsla fer bæði fram í litlum hópum og einstaklingslega, með það að markmiði að efla börn í sínum styrkleikum og styðja við þróun þeirra á sem bestan hátt.

Á vetrarsólstöðum tókum við þátt í notalegri stund með börnum og fjölskyldum þeirra. Börn og foreldrar skreyttu saman krukkur sem breyttust í kertaluktir og að lokum kveiktu þau saman á kertum til að fagna því að daginn tekur að lengja á ný. Þessi samverustund skapaði fallett andartak í leikskólastarfinu og styrkti tengsl milli heimilis og skóla.

Við leggjum ríka áherslu á útikennslu í Blásölum og nýtum okkar nánasta umhverfi til þess og þar kemur Gullkistan sterk inn sem grenndarsvæði leikskólans. Útikennslan hentar öllum því námið er að forsendum barnanna með stuðning kennara. Þar virkjast sköpunarkraftur barnanna, sjálfstæði eflist og lýðræði eykst. Verkefnin eru fjölbreytt og afraksturinn sömuleiðis af fjölbreyttum toga. Útikennsla eflir sem dæmi má nefna fínhyrtingar, grófhreyfingar, sköpun, læsi, sjálfstæði, hugrekki og svo mætti lengi telja.

Elín Guðjónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri fór á eftirlaun 1. apríl sl., hún hefur starfað í Blásölum í tólf ár. Búið er að ráða Ágústu Björk Svavarsdóttur leikskólakennara í hennar stað og fögnum við því að fá hana til liðs við okkur.

Leikskólinn Blásalir er lifandi samfélag þar sem virðing, umhyggja og fagmennska eru leiðarljós í öllu starfi. Með þessum áherslum á komandi vetri stefnum við að því að efla faglegt starf og skapa öruggt, hvetjandi og gleðiríkt námsumhverfi fyrir öll börn.

Hólmfríður Hannesdóttir

Leikskólastjóri Blásala





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Opið hús
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Ánægja með opið hús, foreldrar sóttu það mjög vel. Foreldri og barn skreyttu blómapott og gróðursettu svo græðling í hann sem þau tóku svo með heim. Góð stemmning myndaðist í salnum og allir nutu sín vel. Skoða þarf efnið fyrir næsta ár, óþarflega mikið af smáu skrauti sem fór út um allt gólf.

Hvað var metið?	Sólstöðuhlaup
Hvernig fór matið fram?	Deildarstjórafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Ánægja hjá bæði foreldrum og starfsmönnum með hlaupið og börn skemmtu sér konunglega. Hlaupið er árviss viðburður leikskólans, í ár voru gerðar breytingar á hlaupinu sem voru til góðs. Skoða þarf hlutverk og staðsetningu starfsfólks á meðan á hlaupinu stendur.

Hvað var metið?	Fyrsta foreldraviðtal
Hvernig fór matið fram?	Deildarstjórafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að fara yfir gögn sem notuð eru í fyrsta foreldraviðtali áður en börn hefja leikskólagöngu í Blásölum.





	Að gera spurningum til foreldra færri og hnitmiðaðri. Einnig að fara yfir hagnýtar upplýsingar sem sendar eru til foreldra áður en aðlögun hefst.
--	--

Ytra mat

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Spurt var um þætti eins og líðan og öryggi, upplifun af leiksólastarfinu, samskipti og viðmót, upplýsingagjöf, stjórnun og starfsandi, stefnu og heildaránægju. Leikskólinn skoraði hátt hvað varðar líðan barns í leikskólanum, ánægja er með samskipti og viðmót starfsfólks við barn, öryggi barns og að það ríki notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum. Það sem kemur slakast út er hversu áhugaverð viðfangsefni leikskólans eru, að markvisst sé unnið með stefnu og markmið leikskólans, stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi og að leikskólanum sé vel stjórnað.

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Spurt var um þætti eins og stjórnun, vinnuskilyrði, launakjör, sveigjanleika í vinnu, jafnrétti, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt. Við skoruðu hátt hvað varðar jafnrétti, jafnræði og starfsmenn upplifa að næsti yfirmaður virði það. Það sem kemur slakast út eru laun, launakjör og hljóðvist.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námskrá
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Sjálfsprottin leikur - breytingar á nýrri námsskrá settar inn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið að því að semja nýjan kafla um sjálfsprottin leik barna og mikilvægi hans í námi þeirra.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræða á starfsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að kafla um sjálfsprottin leik verði komin inn í námskránnar vor 2026





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsprottin leikur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Sjálfsprottinn leikur fær gott rými innan dagskipulagsins. Starfsfólk er til staðar og leiðbeinir börnunum í sjálfsprottnum leik
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að teymi vinni að viðmiðum um gæðastarf menntastefnu Reykjavíkur um sjálfsprottinleik barna . Fyrirlestur frá Miðju máls og læsis um mikilvægi sjálfsprottins leiks hjá leikskólabörnum.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með umræðu á starfsdögum, teymisfundum og deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi og hlutverk sitt í sjálfsprottnum leik





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að endurvekja og bæta læsisstefnu Blásala
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna úr viðmiðum um gæðastarf menntastefnu Reykjavíkur um læsi í leikskólanum.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með umræðum á starfsdögum og deildastjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að læsisstefna leikskólans sé aðgengileg og unnið sé út frá markmiðum hennar.





4 Innra mat 2024-2025

4.1 Rauðudeild

Styrkleikar

Hópastarf: Hópastarfið gekk vel í vetur, við vorum með fjóra hópa sem flökkkuðu á milli kennara sem völdu viðfangsefni eftir sínum styrkleika. Hvert barn fékk tækifæri að fara í hreyfingu, sköpun, spil og læsi í hverri viku. Farið var í hópastarf fjórum sinnum í viku.

Barn vikunnar: Gekk mjög vel, hvert barn fékk tækifæri til að vera barn vikunnar þar sem þau fengu tækifæri til að aðstoða kennarana við undirbúning fyrir matartíma og velja lög í samveru. Blíð fór heim barninu og skrifað var í bókina hvað var gert heima sem var síðan lesið í samverustund. Barnið fékk tækifæri til að koma með bók að heiman sem var lesin í samveru.

Matartíminn: Matartíminn gekk vel að því leiti að þau fengu tækifæri til að skammta sér sjálf á diskinn og læra að nota hníf og gaffal.

Skráningar: Gekk vel, það var einn starfsmaður sem sá um skráningu sem fór í möppur

Tækifæri

Leikurinn: Að efla hlutverk starfsmanna í leik barna.

Lubbi finnur málbein: Að unnið sé með Lubba inn á deild og aðlaga efnið að aldri og þroska barna.

Læsi: Að efla lestur og ritmál inn á deildinni og að styrkja starfsfólk í að lesa fyrir börnin.

Gefðu tíu: Að starfsmenn þekki Gefðu tíu og tileinki sér það í starfi.





4.2 Grænadeild

Styrkleikar

Lubbi: Lubbi fór vel af stað, okkur tókst ágætlega að kynna börnunum fyrir Lubba og hljóðunum og börnin sýndu mjög mikinn áhuga.

Útikennsla: Fór vel af stað en þegar líða fór á veturinn fórum við meira að vinna með leikinn inni.

Tækifæri

Útikennslan: Að útikennslan verði hluti af dagskipulaginu og vera með hugmyndir fyrir starfsfólk hvað það geti gert í útikennslu.

Málörvun: Vinna með gefðu 10, að starfsfólk þekki aðferðina og nýti sér hana inni á deild.

Sjálfsprottin leikur: Að starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt í leiknum og að leikurinn sé megin námsleið barna.

4.3 Bládeild

Styrkleikar

Dagskipulag: Unnið var að því að koma upp góðu dagskipulagi og góðri rútínu með því að markmiði fækka árekstrum á milli barnanna og auka vellíðan

Hópastarf: Gekk vel, það var sett inn í dagskipulagið og unnið út frá því í allan vetur.

Samverustundir: Voru tvisvar á dag þar sem nýtt var í málörvun, þar sem farið var í Lubba, lestur, söng o.fl.





Tækifæri

Sjálfsprottin leikur: Að starfsfólk viti hvert hlutverk þeirra er í leik barnanna.

Hreyfistundir: Að starfsfólk sé meðvitað um tilgang hreyfistundar og hvaða markmið sé verið að vinna með.

Könnunarleikur: Unnið verður markvíst með könnunarleikinn og að allir séu meðvitaðir um tilgang leiksins

4.4 Guladeild

Styrkleikar

Útikennsla: Gekk mjög vel og allir starfsmenn voru þátttakendur í starfinu. Elstu börnin fóru jafnt og þétt yfir allt árið en þau sem yngri voru fóru þegar veður leifði. Byrjað var á styttri ferðum, með vorinu og auknu úthaldi gátum við farið í lengri ferðir.

Listsköpun : Boðið var upp á fjölbreyttan efnivið til listsköpunar. Börnin fengu tækifæri til að vera í litlum hópum.

Hreyfistundir: Útivera og útinám var nýtt meira á meðan veður var gott í hreyfingu. Yfir veturinn var boðið upp á fjölbreytta hreyfingu í sal með þrautum og sull í kjarna með reglulegu hætti.

Tækifæri

Hlutverk starfsmanna í frjálsum leik: Að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverka sitt í leik barnanna.

Listsköpun : Að listsköpun verði inn í dagskipulag deildar fyrir hvern hóp fyrir sig, með því erum framkvæmd og fjölbreytni verkefna.

Hreyfistundir: Útskýra betur fyrir starfsfólki hver tilgangur hreyfi stunda er. Setja upp brautir í sal áður en börnin koma í salinn og setja inn í dagskipulag.





5 Umbótaáætlun 2024-2025

5.1 Rauðadeild

Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í sjálfsprottnum leik.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir starfsmenn viti til hvers er ætlast til af þeim í starfi með börnum og að leikur er megin námsleið barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að leikurinn fái gott rými í dagskipulaginu og að starfsmenn deildarinnar eru virkir þátttakendur í leik barnanna
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025- vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræða á meðal starfsmanna á deildarfundum og starfsdögum.

Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi, að auka lestur og ritmál inni á deild
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að lestur og söngur sé daglegur viðburður inni á deildinni og unnið verður með einstök orð. Gera ritmálið sýnilegt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að finna bækur sem henta aldri og þroska barnanna, fara reglulega á bókasafnið, búa til sögur með





	börnunum og vinna með orð sem tengjast textanaum sem verið er að vinna með. Lesa fjölbreyttan texta t.d. ljóð, smásögur og framhaldsbækur. Merkja hluti inni á deildinni og vera með orðinn sem verið er að vinna með hverju sinni sýnilegt
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræða mánaðarlega á deildarfundum. Gera bókaorm með ísamstarfi við barn vikunnar.

Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að Lubbastundir verði fastur liður í starfinu okkar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lubbastund í byrjun vikunnar og að stafurinn sé sýnilegur inn á deild og nýttur í starf með börnum, t.d. í samverustund. Aðlaga Lubbastundi að aldri og þroska barnanna.
Ábyrgð	Deildastjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nýta deildafundi mánaðarlega og starfsdaga til að meta.





Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gefðu tíu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsmenn þekki Gefðu tíu og læri að tileinka sér það í starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri og starfsmenn
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025- vor2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir, fara yfir listann hverjum deildarfundir á meðan verið er að koma Gefðu tíu í rútínu og að hver starfsmaður fyrir sig ígrundi hvernig gengur og hvar þarf að bæta sig.

5.2 Grænadeild

Grænadeild 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna með gefðu 10 á deildinni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að hver og einn starfsmaður sé meðvitaður um að gefa 10 á deildinni og þá sérstaklega þeim börnum sem þurfa á frekari málörvun.
Ábyrgð	Starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Að öll börn fá 10 mín með kennara til að spjalla og aukna málörvun á hverjum degi. Við munum meta reglulega á deildarfundum
--	--

Grænadeild 3-4 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í sjálfssprottnum leik.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé meðvitað um sitt hlutverk í sjálfssprottnum leik og að leikurinn sé megin námsleið barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsmenn fái kennslu í hvernig hægt sé að styðja við leik barna og dýpka leikinn.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í frjálsum leik barnanna. Við metum stöðuna á deildarfundum.

Grænadeild 3-4

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að útikennsla verði hluti að dagskipulaginu og starfsmenn fái verkfæri til að nýta sér í útikennslu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með hugmyndakistu sem hægt er að nýta sér í útikennslu og kynna starfsmönnum markmiðið með útikennslu





Ábyrgð	Starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við munum meta reglulega á deildarfundum með umræðu.

5.3 Bládeild

Bláadeild 1-2 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Könnunarleikur.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk þekki könnunarleikinn og út á hvað hann gengur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla um könnunarleikinn fyrir starfsfólk þannig að þeu viti út á hvað könnunarleikurinn gengur.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildar fundum og starfsdögum.

Bláadeild 1-2 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heyfistundir/ Íþróttir.





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé meðvitað umgildi hreyfistundar t.d. boltaíþróttir, jafnvægi, styrk og þol.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp skipulag þar sem hvert umfangsefni er tekið fyrir og starfsfólk fær leiðbeiningar hvernig vinna á með það.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum.

Deild/aldur barna Bláadeild 1-2 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í sjálfsprottnum leik.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk öðlist þekkingu á leik barna, hvenær á að grípa inn í leikinn, hvernig á að koma börnunum í leik og viti að leikurinn er megin námsleið barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með fræðslu og sýnikennslu, byrja strax í upphafi skóla annar.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á starfsdegi vor 2026.





Bládeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Nýta tæknina betur inn á deildum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk öðlist betri þekkingu á book creator og fl. forrit
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja starfsfólki til að nýta tæknina betur í t.d. samverum og fl.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildar fundum og starfsdögum.

5.4 Guladeild

Guladeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í sjálfsprottnum leik.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir starfsmenn séu meðvitaði um til hvers er ætlast til af þeim í leik barnanna og að leikurinn sé megin námsleið barna Efla öryggi og trú á eigin getu í starfi með börnunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa gott skipulag innan deildar, fræðslu á deildafundum og umræður. Gefa starfsfólki tíma til að sækja sér fræðslu um starfsemi og stefnur leikskólans.
Ábyrgð	Deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið að vori. Umræður á meðal starfsmanna deildarinnar á deildafundum.





Guladeild 1-2 ára	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markvísar hreyfistundir fyrir börnin yfir vetratímann
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla trú á eigin getu barnanna í hinum ýmsu aðstæðum. Að börnin þori að takast á við ólík verkefni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa fasta hreyfingu fyrir öll börn innan dagskipulags deildar með sulli og hreyfingu í sal.
Ábyrgð	Deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið að vori. Umræður á meðal starfsmanna deildarinnar á deildafundum.

Guladeild 1-2 ára	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Bablarnir eru málörvunar verkefni sem við ætlum að vinna með strax í upphafi annar. Markmið er að börnin þekki muninn á milli líkra málhljóða sem hjálpi þeim með máltöku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bablarnir verða lesnir daglega fyrir öll börn af öllu starfsfólki í samverustundum.
Ábyrgð	Deildastjóri /starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum





Guladeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Listsköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Listisköpun verður sett inn í dagskipulag deildar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnum verður boðið í listsköpun í litlum hópum, þar sem nýttur verður fjölbreyttur efniviður og fundin verkefni sem styðja við þroska og getu stig barnanna.
Ábyrgð	Deildastjóri /starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025-vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, þar sem við ígrundum þátttöku barna.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin af leikskólastjóra í mars sl. og var almennt gott hljóð í starfsfólki.

Fræðsla fyrir starfsfólk 2025-2026

Skyndihjálparnámskeið

Námskeið sem verða í boði hjá Skóla-og frístundasviði sem hentar okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.

Teymisfundir innan leikskólans.

Námskeið, fyrirlestrar og fræðsla um Náttúrulega kennslu.

Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um mikilvægi sjálfsþróttins leiks hjá leikskólabörnum.

Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um fjölmenningu í leikskólastarfi .

Starfsfólk verði duglegt að sækja sér endurmenntun.

Nýliðafræðsla.

Starfsfólk nýtir sér TORGIÐ á innri vef Reykjavíkurborgar.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Heimahagar sem er samstarfsverkefni, Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala þá hittast elstu börn leikskólans og yngstu börnin í Selásskóla reglulega yfir veturinn á svæði nærri Selásskóla og hesthúsunum sem hafa fengið nafnið Heimahagar. Þar leika þau, gera útiverkefni og fara í skipulagða leiki og umfram allt eignast góðar minningar saman.

Fulltrúar leikskólanna og grunnskólans hittast og setja niður dagskrá fyrir samstarf vetrarins. Þessi undirbúningur fer fram á haustin. Undirbúningsfundur í Selásskóla.

Nemendur grunnskóla heimsækja gamla leikskólann sinn

Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörnin





Elstu nemendur heimsækja skólabókasafnið

Elstu nemendur heimsækja 1.bekk

Skilafundur milli skólastiga að vori.

8 Foreldrasamvinna

Áfram verður foreldrum boðið á ákveðna viðburði yfir veturinn sem koma fram á leikskóladagtal Blásala veturinn 2025-2026. Foreldraráð er við skólann og skipar þrjá fulltrúa og hefur það hlutverk með höndum að gefa skriflegar umsagnir um starfsáætlun, skólanámsskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Hlutverk þess er að fylgist með framkvæmd skólanámsskrár og er boðað á fundi í leikskólann yfir veturinn þar sem leikskólastjóri fer yfir gang mála varðandi framgang ýmissa verkefna sem skólinn vinnur að. Foreldrafélag er skipað 3 foreldrum. Foreldrar greiða ákveðin gjöld í foreldrafélag og er það valfrjáls greiðsla og skólinn kaupir m.a. inn leikrit, fær jólasvein á jólaskeppanir og listafólk á sumarhátíð.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu eru 6 og eru 3 af þeim sameiginlegir grunn- og leikskólanna í hverfinu. Sameiginlegar daga skólaárið 2024-2025 eru 2. október 2025, 28. nóvember 2025 og 6. febrúar 2026. Starfsdagar leikskólans verða 9. mars 2026, 4. maí 2026 og 5. júní 2026.

Leikskóladagatal sjá fylgiskjal 1

10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal Blásala 2025-2026

Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

29. ágúst 2025

Hólmfríður Hannesdóttir leikskólastjóri

Ágústa Björk Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ástrós Eva Ársælsdóttir
Berglind Drífa Pétursdóttir
Bjarki Tómasson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Ágúst Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Foreldraviðtöl vegna nýrra barna September Aðlögun nýrra barna Hópastarf hefst á eldri deildum Október 2. STARFSDAGUR 23. Alþjóðlegi bangsadagurinn <i>24. Skráningardagar (vetrarfrí grunnskóla)</i> <i>27. Skráningardagar (vetrarfrí grunnskóla)</i> <i>28. Skráningardagar (vetrarfrí grunnskóla)</i> Bleikur dagur Foreldrafundur í sal leikskólans Nóvember 16. dagur íslenskrar tungu 28. STARFSDAGUR Uppákomudagur Foreldrasamtöl Desember <i>29. Skráningardagar</i> <i>30. Skráningardagar</i> Hópastarf í frí = jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember = Foreldrakaffi Börn og foreldrar skreyta glerkrukku fyrir Vetrarsólstöður Piparkökubakstur barna Jólasveinahúfudagur og rauður dagur Jólasýning á Árbæjarsafni (árg.2020) Jólaball Jólaleikrit Foreldrar og barn kveikja saman á kerti á Vetrar-sólstöðum <i>Leikskóladagatalið er áætlun sem er sett upp í dagskrá fyrir hvern mánuð í senn, hengd upp í fataklefum og foreldrar fá senda í tölvupósti í lok hvers mánaðar. Dagsetningar eru fyrir framan þá viðburði sem búið er að ákveða og aðrar dagsetningar ákvarðast þegar nær dregur viðburðinn</i>	Janúar 6. þrettándinn = dönsum út jólin 23. Bóndadagur = Þorramatur í hádegi Hópastarf hefst aftur Vasaljósadagur Febrúar 6. Dagur leikskólans 6. STARFSDAGUR 16. Bolludagur=Bollur í síðdegishressingu 17. Sprengidagur=Saltkjöt og baunir í hádegi 18. Öskudagur=Furðufataball í sal og kötturinn sleginn úr tunnunni <i>19. Skráningardagar (vetrarfrí grunnskóla)</i> <i>20. Skráningardagar (vetrarfrí grunnskóla)</i> Mars 9. STARFSDAGUR Uppákomudagur <i>30. Skráningardagar (Dymbilvika)</i> <i>31. Skráningardagar (Dymbilvika)</i> Apríl <i>1. Skráningardagar (Dymbilvika)</i> Foreldrasamtöl Barnamenningarhátíð Mái 4. STARFSDAGUR Útskrift elstu barnanna Opið hús Júní 5. STARFSDAGUR Sumarhátíð Sólstöðuhlaup Útskriftarferð elstu barnanna Júlí Leikskólinn lokar í fjórar vikur
---	---

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Blásala hefur fengið starfsáætlun Blásala til yfirlesturs og umsagnar.

Eftirfarandi er umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur engar efnislegar athugasemdir við starfsáætlun og þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér. Tillögur þeirra að úrbótum eru verðugar, leiðarljós leikskólans er flott og markmið deilda og sérkennslu eru skýr og er foreldraráð ánægt með starf leikskólans.

Frábært er að sjá að verið er að leggja mikið upp úr málþroska barna á öllum deildum leikskólans. Mikil ánægja er með það hversu miklar áherslur leikskólinn leggur á sjálfsprottinn leik þar sem að börnin læra lang best í leik, einnig að mikið sé lagt upp úr því að leyfa börnunum að fara í útileik, t.d. í Gullkistunni, þannig kynnast þau náttúrunni og kunna vonandi að meta hana meira í framtíðinni.

Fyrir hönd foreldraráðs,
Ástrós Eva Ársælsdóttir